

Spretthópur um námslánakerfi LÍN

Um spretthóp

Í tengslum við kjarasamninga vorið 2024 gaf þáverandi ríkisstjórn út yfirlýsingu, dags. 7. mars 2024, þar sem hún hét því að ráðast í breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, sem lytu að því að létta vaxtabyrði og draga úr skyndilegum og ófyrirséðum hækkunum vegna verðbólgu og vaxta á afborganir námslána. Skyldu breytingarnar gagnast þeim sem hófu láns hæft nám eftir 2020 (H-lán).

Til að tryggja jafnræði á milli greiðenda eldri lána LÍN og H-lána gáfu þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra og þáverandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra út yfirlýsingu, dags. 27. júní 2024, þess efnis að settur yrði á fót starfshópur með fulltrúum umræddra ráðuneyta og Bandalags háskólamanna (BHM), undir forystu fulltrúa HVIN, sem fengi það verkefni að kortleggja áhrif endurgreiðslufyrirkomulags eldri lána LÍN með tilliti til áhrifa á ævitekjur.

Þann 11. febrúar 2025 skipaði menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðherra spretthóp um endurskoðun reglna um endurgreiðslu námslána í námslánakerfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Í yfirlýsingu segir að markmið breytinga sem gerðar voru við stofnun Menntasjóðs námsmanna hafi verið að tryggja að endurgreiðslu námslána lyki fyrir eftirlaunaaldur, sem gildir ekki í LÍN kerfinu. Starfshópur mun skoða sérstakleg áhrif mögulegra afskrifta í tengslum við eftirlaunaaldur og stöðu lántakenda með hæstu lánin.

Hópurinn hafði ekki tök á að fara í alla þá kortlagningu sem gagnlegt væri. Til að mynda má leggjast yfir áhrif endurgreiðslufyrirkomulagsins með tilliti til ævitekna og skoða áhrifin á sérstakar starfsstéttir. Auk þess þarf að fara í frekari greiningu á endurgreiðslufyrirkomulagi og mikilvægt að skoða þróun yfir lengra tímabil eða áratugi. Þá var ekki samkomulag innan hópsins um að fara í ítarlegan samanburð á nýjum lánnum (H) við þau eldri. Þar með voru ekki forsendur til að setja fram tillögur til að jafna stöðu greiðenda eldri og nýrri lána.

LÍN-lánin

Námslán í lánasafni LÍN bera 0% eða 0,4% vexti frá námslokum auk verðbóta. Vextirnir voru almennt 1% en lækkuðu árið 2020 við stofnun Menntasjóðs námsmanna. Afborgun námslána í lánasafni LÍN er skipt í tvennt; föst greiðsla og tekjutengda greiðsla. Tekjutengingin var einnig lækkuð árið 2020. Sjá yfirlit:

- G-lán voru veitt á árunum 2005-2020 og bera 0,4% vexti. Greiðslur hefjast tveimur árum eftir námslok og standa þar til lán er greitt upp eða lánþegi fellur frá.
- R-lán voru veitt á árunum 1992-2005 og bera einnig 0,4% vexti með sömu greiðsluskilmálum.
- S-lán voru veitt á árunum 1982-1992. Þau bera enga vexti og greiðslur hefjast þremur árum eftir námslok. Lánin falla niður eftir 40 ár af greiðslum ef ekki hefur verið greitt að fullu.
- V-lán voru veitt á árunum 1976-1982. Þau bera einnig 0% vexti og greiðslur falla niður eftir 20 ár af greiðslum ef skuldin er ekki greidd að fullu.

Endurgreiðsluhlutfall G- og S-lána er 3,4% af tekjum greiðenda ársins á undan en fyrir R-lán er það 4,4%. Hlutföllin lækkuðu árið 2020, úr 3,75% og 4,75%. Tekjustofn er mismunandi eftir lánaflokki, í R og S er það útsvarstekjur en í G er tekið tillit til bæði útsvars- og fjármagnstekna einstaklings og maka sé samsköttuð. Þeir lánþegar sem eru með lán í fleiri en einum lánaflokki greiða aðeins af einu láni í einu í eftirfarandi röð: R, V, S og G.

Ríkisstuðningur til lántakenda hjá þessum lánnum er í formi niðurgreiðslu vaxta.

Lán sem veitt hafa verið síðan 2020 kallast H-lán og bera markaðsvexti.¹ Hægt er að stilla endurgreiðslur af yfir tímabil en þó þannig að þau séu greidd upp við 66 ára aldur.² Uppfylli námið ákveðin skilyrði og sé klárað á innan við ákveðnum árafjölda lækkar höfuðstóllinn um 30%.³

Borið hefur á þeim misskilningi að H-lán séu afskrifuð við eftirlaun en eldri lán ekki. Hið rétta er að H-lán eru hönnuð til að vera greidd upp við 66 ára aldur á meðan eldri lán hafa ótilgreindan líftíma.

Lántaki sem greiðir upp ógjaldfallið námslán, eða greiðir inn á lánið, af eldri lánaflokkum (G-, R-, S- eða V-lán) á rétt á uppgreiðsluafslætti sem nemur 5–15% af eftirstöðvum. Afslátturinn fer eftir heildarskuld og hækkar línulega úr 5% (við 1 milljón kr.) upp í 15% þegar skuld nemur 4,8 milljónum kr. eða meira. Frá því að þetta fyrirkomulag tók gildi árið 2020 og fram að síðustu áramótum höfðu tæplega 11 þúsund lánþegar greitt upp samtals 15,4 milljarða króna af eldri námslánum eða um 3,1 milljarð á ári. Fyrir það fengu þeir tæplega 1,8 milljarða króna í uppgreiðsluafslátt eða um 360 milljónir á ári. Það samsvarar um 11,6% afslætti fyrir hvern lánþega sem greitt hefur aukalega inn á lán sitt eða um 165 þúsundum króna að meðaltali. Sá afsláttur dreifist nokkuð jafnt á milli aldurshópa eins og sjá má á grafi í viðauka (mynd 3). Meðalafsláttur á hvern lánþega óháð skuldastærð, er 9,1%.

Um lánþega LÍN

Fjöldi lánþega hjá LÍN í lok árs 2024 var 37.462 og höfuðstóll 235,4 milljarðar króna, að meðtöldum þeim fjárhæðum sem eru í vanskilum. Flestir eru í G-lánasafni eða 83% og nær til 87% að fjárhæð. Önnur lánasöfn, S- og R-söfn, eru minni og V-lánasafnið er langminnst (tafla 1).

Aldursdreifing er mikil, eða frá 22 ára til 88. Flestir eru á aldrinum 30-49 ára eða um 70%. Yngsti hópurinn (20-29 ára) eða 6% af lánþegum skuldar 3% af lánasafni. Skuldastaða eldri hópa (50 ára og eldri) eða 25% af lánþegum er um 64 milljarðar króna, sem er 27% af heildarskuldum. Meðallán í þessum aldurshópum eru almennt hærri en í yngri hópum, og hækka með aldri upp í 7,2 m.kr fyrir 50-59 ára en fara svo lækkandi (tafla 2).

Einstaklingar 60 ára og eldri telja samtals 3.317 lánþega, eða um 9% af heildarfjölda lánþega. Þeir skulda um 22 milljarða króna í námslán, eða um 9% af heildarsafni (tafla 2). Þetta eru að mestu S- og G-lán eða um 85%, meðallánin og meðaltekjur innan safnanna hækka yfirleitt með aldri og lækka á efri árum, meðaltekjur eru hærri í G-lánum en tekjustofninn er annar (töflur 3-6). Þá eru einnig 1.134 lánþegar 60 ára og eldri í G-lánasafni með samtals um 6,4 milljarða króna í skuldum (tafla 6), sem bendir til að hluti

¹ Markaðsvextir en þó með vaxtaþaki, 9% fyrir óverðtryggð lán en 4% fyrir verðtryggð lán.

² Ljúki námsmaður námi fyrir 36 ára býðst honum að gera afborganir tekjutengdar. Þá greiðist lánið eins og í eldra kerfinu, en þó miðast tekjutengdi hlutinn við 3,75% af árstekjum. Þessi lán, eins og eldri lánin, hafa ótilgreindan endurgreiðslutíma og er greitt af þeim þar til skuldin er að fullu greidd.

³ <https://menntasjodur.is/msnm/lanareglur-msnm/#11.-Kafli---N%C3%A1msstyrkur-H-l%C3%A1na-vi%C3%B0-n%C3%A1mslok->

Þessa hóps hafi tekið námslán eftir 40 ára aldur eða lokið námi á seinni stigum. G-lán tóku gildi 2005 eða fyrir 20 árum síðan.

Skuldastaða hæstu lánþega dregur skýrt fram að lítill hópur einstaklinga stendur undir verulegum hluta heildarskulda LÍN. 150 hæstu lánþegarnir bera samtals skuld að höfuðstól upp á 5.547 milljónir króna, sem jafngildir tæplega 2,4% af öllu lánasafninu (tafla 7). Þessi hópur hefur að meðaltali 37 milljón króna skuld, sem er nær sexfalt meðaltal lánasafnsins í heild. 50 hæstu skulda samtals 2.191 milljónir króna með meðalskuld upp á 43,8 milljónir, 10 hæstu skulda yfir 536 milljónir króna, eða að meðaltali 53,5 milljónir á einstakling (tafla 8).

Eftirlaunaaldur og kostnaður við afskriftir

Starfhópurinn skoðaði sérstaklega áhrif mögulegra afskrifta í tengslum við eftirlaunaaldur. Nánar tiltekið, hvaða áhrif það myndi hafa á eignasafn Menntasjóðs námsmanna ef gömlu lánin (G-, R-, S- og V-lán) sem áður voru hluti af Lánasjóði ísenskra námsmanna, yrðu afskrifuð við 67 ára aldur lánþega. Í dag er endurgreiðslufyrirkomulag viðkomandi lána þess háttar að lánþegar greiða af sínum lánum þar til að lán þeirra er uppgreitt eða þar til lánþeginn fellur frá. Gert er ráð fyrir að meðallífaldur sé 83 ár. S- og V-lán afskrifast þó einnig þegar lánþegi hefur verið í skilum á þeim lánum í 40 og 20 ár.

Síðustu áramót nam gangvirði gamla lánasafnsins (G-, R-, S- og V-lána) um 101 milljarði króna. Með gangvirði er átt við núvirði framtíðargreiðslna, það er að segja virði lánasafnsins í dag, miðað við væntanlegar innborganir í framtíðinni og ákveðna ávöxtunarkröfu. Ávöxtunarkrafan sem notuð er miðast við þau vaxtakjör sem myndu bjóðast lánþegum á frjálsum markaði, þ.e. þau kjör sem viðskiptabankarnir myndu bjóða námsmönnum upp á ef þeir byðu upp á slík lán. Á verðtryggðum lánum væru kjörin 6,28% en G-, R-, S- og V-lán eru öll verðtryggð. Ef yrði að fyrirnefndum breytingum myndi gangvirði eignasafnsins lækka í 88,8 milljarða króna, og þar með rýrna um 12,2 milljarða króna, að öðru óbreyttu. Þetta jafngildir um 335 þúsund krónum að meðaltali á hvern lánþega G-, R-, S- og V-lána. Afslátturinn myndi þó ekki dreifast jafnt á milli lánþegahópa. Þeir sem skulda hærri fjárhæðir og/eða eru komnir nær eftirlaunaaldri myndu almennt njóta meiri ávinnings af slíkri breytingu. Ávinningurinn dreifist þó tiltölulega jafnt á milli tekjuhópa (mynd 4).

Fyrirvarar á greiningu: Greiningin tekur til áhrifa breytinga á gangvirði (núvirði) lánasafnsins. Núvirði er þó háð efnahagsaðstæðum og getur því tekið breytingum yfir tíma. Til dæmis myndi lækkun vaxta leiða til þess að virði lánasafnsins hækkar, sem aftur þýðir að kostnaður vegna afskrifta yrði meiri.

Reykjavík, 12. maí 2025.


*Sveinn Andri Matthíasson
formaður*

*Gylfi Þorsteinn Gunnlaugsson
Fjármála- og efnahagsráðuneyti*


*Sigrún Brynjarsdóttir
Bandalag háskólamanna*

Viðauki


Mynd 1: Höfuðstóll LÍN lána eftir aldri lánþega




Mynd 2: Höfuðstóll LÍN lána eftir aldri lánþega - meðaltal



Mynd 3: Hlutfall uppgreiðsluafsláttar eftir aldri lánþega – vegið meðaltal í krónum talið



Mynd 4: Lækkun á núvirði höfuðstóls vegna afskrifta við 67 ára aldur, eftir tekjuhópum



Tafla 1: Lánasafn LÍN áramót 2024

Lánasafn	Fjöldi einstakli nga	Hlutfall af fjölda einstaklinga	Samtals höfuðstóll (m.kr.)	Hlutfall af lánasafni LÍN	Meðallán (m.kr.)
V lánasafn	68	0,2%	141,5	0,1%	2,1
S lánasafn	3.382	8,5%	16.014,6	7%	4,7
R lánasafn	3.275	8,2%	14.736,0	6%	4,5
G lánasafn	33.144	83,1%	204.481,4	87%	6,2
LÍN lánasafn	37.462	100%	235.373,4	100%	6,3

Tafla 2: Lánasafn Lín - aldursdreifing

Aldur	Fjöldi einstaklinga	Hlutfall af fjölda Einstaklinga	Samtals höfuðstóll (m.kr.)	Hlutfall af lánasafni	Meðallán (m.kr.)
20-29	2.262	6%	5.926,3	3%	2,6
30-39	14.099	38%	81.401,5	35%	5,8
40-49	11.891	32%	83.865,1	36%	7,1
50-59	5.894	16%	42.311,4	18%	7,2
60-69	2.847	8%	18.699,9	8%	6,6
70-79	435	1%	2.925,5	1%	6,7
80+	34	0%	243,8	0%	7,2
Samtals	37.462	100%	235.373,4	100%	6,3

Tafla 3: V lánasafn - aldursdreifing

Aldur	Fjöldi	Meðaltekjur (m.kr.)	Lánasafn (m.kr.)	Meðallán (m.kr.)
60-69	45	6,3	88,4	1,9
70-79	22	8,4	52,8	2,4
80+	1	5,1	0,2	0,2

Tekjur eru árstekjur 2023.

Tafla 4: S lánasafn - aldursdreifing

Aldur	Fjöldi	Meðaltekjur (m.kr.)	Lánasafn (m.kr.)	Meðallán (m.kr.)
50-59	1.150	7,9	3.819,0	3,3
60-69	1.888	7,7	9.999,8	5,3
70-79	317	6,8	1.985,8	6,3
80+	27	4,6	210,0	7,8

Tekjur eru árstekjur 2023.

Tafla 5: R lánasafn - aldursdreifing

Aldur	Fjöldi	Meðaltekjur (m.kr.)	Lánasafn (m.kr.)	Meðallán (m.kr.)
30-39	6	5,2	13,4	2,2
40-49	1.174	7,9	3.700,1	3,2
50-59	1.587	7,6	7.920,4	5,0
60-69	434	7,2	2.697,0	6,2
70-79	67	6,2	372,4	5,6
80+	7	5,1	32,7	4,7

Tekjur eru árstekjur 2023.

Tafla 6: G lánasafn - aldursdreifing

Aldur	Fjöldi	Meðaltekjur (m.kr.)	Lánasafn (m.kr.)	Meðallán (m.kr.)
20-29	2.262	5,4	5.926,3	2,6
30-39	14.098	8,2	81.388,1	5,8
40-49	11.406	9,3	80.165,0	7,0
50-59	4.244	9,6	30.571,9	7,2
60-69	1.022	8,9	5.914,6	5,8
70-79	111	8,4	514,5	4,6
80+	1	5,2	0,9	0,9

Tekjur eru árstekjur 2023.

Tafla 7: Staða þeirra sem eru með 10, 50, 100 og 150 hæstu lánin

Fjöldi	Heildarskuldir (m.kr.)	Núvirði (m.kr.)	Núvirði afskriftar (m.kr.)
150	5.546,9	688,7	252,9
100	3.941,6	479,9	186,1
50	2.191,4	235,4	98,3
10	536,1	65,3	22,6

Tafla 8: Staða þeirra sem eru með 10, 50, 100, 150 hæstu lánin

Fjöldi	Meðalskuld (m.kr.)	Meðal núvirði	Núvirði afskriftar (m.kr.)
150	37	4,6	1,7
100	39,4	4,8	1,9
50	43,8	4,7	2
10	53,6	6,5	2,2